

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 KópavogurKópavogi, 16. mars 2026
2602909/003.01 KJ**Efni: Svar við innsendri fyrirspurn bæjarfulltrúa**

Loftslagsstefna innri reksturs Kópavogsbæjar miðar að kolefnishlutleysi árið 2040 og tekur eingöngu til þeirra losunarpátta sem sveitarfélagið hefur beina stjórn og ákvörðunarvald yfir, í samræmi við GHG-Protocol aðferðafræðina um loftslagsbókhald. Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins hefur hins vegar markmið um kolefnishlutleysi samfélagslosunar árið 2035 og nær til annars og mun viðtækara losunarsviðs. Stefnurnar taka því til ólíkra þátta losunar og gegna ólíku hlutverki, en byggja á sama yfirliggjandi markmiði um kolefnishlutleysi.

Drög að loftslagsstefnu innri reksturs Kópavogsbæjar eru sett fram í samræmi við lög um loftslagsmál og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, þar sem markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 er lögfest. Í báðum stefnum er lögð megináhersla á að draga úr losun sem fyrsta og mikilvægasta skref, en að kolefnisjöfnun komi einungis til greina ef markvissar samdráttaaðgerðir reynast ekki nægjanlegar.

Við samanburð á orðalagi og markmiðum stefnanna kemur ekkert efnislegt ósamræmi eða frávik í ljós hvað varðar markmið um kolefnishlutleysi. Mismunandi tímasetningar endurspeglar annars vegar samfélagslega nálgun loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og hins vegar afmarkaða, rekstrartengda ábyrgð sveitarfélagsins á eigin starfsemi. Loftslagsstefna innri reksturs Kópavogsbæjar er því ekki fráhrarfrá loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins heldur útfærsla á hlutverki og ábyrgð sveitarfélagsins innan sameiginlegs markmiðs.

Páttur	Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins	Loftslagsstefna innri reksturs Kópavogsbæjar
Yfirliggjandi markmið	Kolefnishlutleysi	Kolefnishlutleysi
Tímarammi	Kolefnishlutleysi árið 2035	Kolefnishlutleysi 2040
Umfang	Heildarlosun samfélags á	Losun vegna eigin starfssemi



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Áhersla á samdrátt	Samdráttur heildarlosunar samfélagsins	Samdráttur í losun sem sveitarfélagið hefur beina stjórn á
Orðalag um ábyrgð	Sameiginleg svæðisábyrgð	Skýr, bein ábyrgð sveitarfélagsins á eigin starfsemi
Stig stefnumótunar/ hlutverk	Svæðisbundin og yfirgripsmikil	Rekstartengd og framkvæmdamiðuð

Varðandi hluta fyrirspurnar bæjarfulltrúa um hvar stefnumótandi eða stýrandi hlutverk er innan stjórnkerfis Kópavogsbæjar er undirrituð ekki til þess fallin að svara því.

Varðandi hluta fyrirspurnar bæjarfulltrúa um yfirlit aðgerða á grundvelli loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og stöðu þeirra beini ég því undir málsnúmer 26031364 þar sem oddvitar minnihluta hafa þegar lagt fram fyrirspurn um þær upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Karen Jónasdóttir
Verkefnastjóri

